

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagerð í Ólafsvík
nr. 64 29. mars 1965.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólþ frá húsinu út í aðalræsi og halda því við.

Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd tiltekur skal verkið unnið á hans kostnað.

Greiða skal tengigjald, kr. 40 000.— fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 15 000.— fyrir íbúð umfram eina, fyrir atvinnuhúsnæði kr. 80 000.—.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 539 stig og breytast skv. henni.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Kostnað við holræsagerð hreppsins greiðist af holræsagerðinni, til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, þer hverjum þeim sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opin svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en krónur 15 000.— af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Lágmarksgjald er miðað við byggingarvísitölu 539 stig og breytist skv. henni.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn sem henta þykir svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við.

3. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við Vatnsveitu Ólafsvíkur skal senda umsókn þar um. Umsókn skal rituð á eyðublöð, sem umsjónarmaður vatnsveitunnar lætur í té, sem minnst 7 daga fyrirvara. Áður en hafist er handa um lagningu innanhúskerfis í byggingu umsækjanda, skal hann leggja fram uppdrátt í tvíriti og í eigi minni mælikvarða en 1:100. Skal uppdráttur gerður af hæfum manni sem til hefur hlotið samþykki vatnsveitunnar.

Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega og dýpt heimæðar við húsvegg.

Uppdráttur skal hafa hlotið samþykki byggingarfulltrúa áður en innanhúslögn er hafin og skal stimpla og árita bæði e'ntökin og skal annað geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá Vatnsveitu Ólafsvíkur, hvorki nýlagnir eða breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, nema vatnsveitan sjálf. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við viðhald vatnsæða frá aðalæð í hús sín skv. reikningi vatnsveitunnar.

Fyrir tengingu heimæða skal greiða sérstakt tengigjald, samkvæmt gjaldskrá rafveitunnar.

5. gr.

Tenging heimæða við vatnsveitukerfið skuldb'ndur ekki vatnsveituna til að tryggja að þrýstingur í götuæð sé ávallt nægjanlegur.

6. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

7. gr.

Pípulagningamenn eða verktakar, sem hlotið hafa samþykki sveitarstjórnar, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir innanhúss, og gildir það jafnt um nýlagnir og breytingar og/eða viðgerðir á eldri lögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktan uppdrátt og nánari fyrir máli er kunna að verða sett.

8. gr.

Vatnsveitan hefur eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar lagnir má hylja fyrir en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Sé verk, að áliti vatnsveitunnar eða eftirlitsmanns hennar, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur sem kunna að verða settar, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr ágöllumum.

Eftirlit vatnsveitunnar rýrir á engan hátt ábyrgð þess er annast verkið.

9. gr.

Hreppsnefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögn'inni og eftirlits með vatnsnotkun. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er hreppsnefnd heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Ennfremur er hreppsnefnd heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa í vanskilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna

hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

12. gr.

Af öllum fasteignum í Ólafsvíkurhreppi sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna. Sama er og um aðrar fasteignir sem fá vatn frá Vatnsveitu Ólafsvíkur.

Nú er vatni frá vatnsveitunni veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því er í gjaldskrá þessari segir.

13. gr.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist vatnsskattur skv. fasteignamatsverði lóðarinnar. Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hlíðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu skv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans í Ólafsvík, ef hún er fyrir hendi, annars áætlað vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá heim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að verða vatnsskattshæf skv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá heim tíma er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram skv. bókum byggingarfulltrúans á Ólafsvík.

14. gr.

Auk vatnsskatts skv. 15. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðapvottastöðvar, svo og skulu þeir aðrir greiða aukavatnsskatt, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskattur skal vera 0.5% sé vatn ekki selt skv. mæli. Sé notaður mælir lætur vatnsveitan notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli 50 mm eða minni kr. 12 000.— og kr. 24 000.— fyrir stærri mæla. Skal vatnsveitan

sjá um uppsetningu mælanna og kosta eðlilegt viðhald þeirra, en skemmdir af manna-völdum eða frostum ber húseiganda að bæta.

15. gr.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 13. gr. skal greiða árlegan vatnsskatt, sem er 0.12% af heildarmati hvernar fasteignar, þó eigi minna en kr. 20 000.— af hverri íbúð. Gjaldldagi skatts skv. þessari grein er sá sami og gjaldldagi fasteignaskatts. Lágmarksgjald skv. þessari grein er miðað við vísitölu byggingar-kostnaðar pr. 1. sept. 1980 (539 stig).

16. gr.

Þar sem vatn er selt skv. mæli skv. 14. gr. skal greiða kr. 35.00 á hvern m³ auk gjalds skv. 15. gr. Vatnssala skv. þessari grein fellur í gjaldldaga ársfjórðungslega innan mánaðar frá lokum hvers ársfjórðungs.

17. gr.

Heimædagjöld Vatnsveitu Ólafsvíkur skulu vera sem hér segir:

Rúmmál húss (utanmál)

400— 2000 m³ kr. 100 000. —fyrir 400 m³ og 75 kr./m³ þar yfir.

2000— 6000 m³ kr. 220 000.— fyrir 2000 m³ og 70 kr./m³ þar yfir.

6000—10000 m³ kr. 500 000.— fyrir 6000 m³ og 60 kr./m³ þar yfir.

Yfir 10000 m³ kr. 740 000.— fyrir 10000 m³ og 51 kr./m³ þar yfir.

Gjöld skv. 17. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. sept. 1980 539 stig. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða. Heimædagjöld skal greiða um leið og bygging er tengd vatns-veitunni.

18. gr.

Fyrir vatn í skip í höfninni greiðast kr. 250. — fyrir hvern m³ og auk þess afgreiðslugjald kr. 2 500.— að degi, en kr. 4 400.— utan dagvinnutíma. Gjaldið greiðist við viðtöku.

19. gr.

Verði vanskil skal reikna hæstu lögleyfða dráttarvexti. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari, á réttum gjaldldögum. Opnunargjald skal vera kr. 5 000.—. Vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari má taka lögtaki, og njóta gjöld þessi lögveðsréttar í eigninni næstu 2 ár eftir gjaldldaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000. — nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps nr. 160 30. ágúst 1963 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.